

AUGLÝSING

um samning um réttarstöðu ríkisfangslausra einstaklinga frá 1954.

Hinn 26. janúar 2021 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent aðildarskjal Íslands vegna samnings um réttarstöðu ríkisfangslausra einstaklinga sem gerður var í New York 28. september 1954. Samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar 26. apríl 2021.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 18. febrúar 2021.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal 1.

SAMNINGUR UM RÉTTARSTÖÐU RÍKISFANGSLAUSRA EINSTAKLINGA

Inngangsorð.

SAMNINGSAÐILARNIR,

SEM HAGA Í HUGA að sáttmáli Sameinuðu þjóðanna og almenna mannréttindayfirlýsingin, sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti 10. desember 1948, hafa staðfest þá meginreglu að menn skuli njóta grundvallarréttinda og mannfrelsis án mismununar,

SEM HAGA Í HUGA að Sameinuðu þjóðirnar hafa við ýmis tæknifæri látið í ljós miklar áhyggjur af ríkisfangslausum einstaklingum og leitast við að tryggja þeim sem besta möguleika á að njóta grundvallarréttinda og mannfrelsis,

SEM HAGA Í HUGA að einungis ríkisfangslausir einstaklingar sem eru einnig flóttamenn falla undir samninginn um réttarstöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951 og að margir ríkisfangslausir einstaklingar falla ekki undir samninginn,

SEM HAGA Í HUGA að æskilegt er að setja reglur um og bæta réttarstöðu ríkisfangslausra einstaklinga í alþjóðasamningi,

HAGA ORÐIÐ ÁSÁTTIR um eftirfarandi:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Skilgreining hugtaksins „ríkisfangslaus einstaklingur“.

1. Í þessum samningi merkir hugtakið „ríkisfangslaus einstaklingur“ einstaklingur sem ekkert ríki telur til ríkisborgara sinna samkvæmt landslögum.
2. Samningur þessi gildir ekki um:
 - i. einstaklinga sem njóta nú þegar verndar eða aðstoðar hjá stofnunum Sameinuðu þjóðanna, annarra en Flóttamannastofnunar SP, meðan þeir njóta slíkrar verndar eða aðstoðar,
 - ii. einstaklinga sem þar til bær stjórnvöld þess lands, þar sem þeir eru búsettir, hafa viðurkennt að njóti þeirra réttinda og beri þær skyldur sem fylgja ríkisfangi í því landi,
 - iii. einstaklinga ef ríkar ástæður eru til að ætla:
 - a) að þeir hafi framið glæp gegn friði, stríðsglæp eða glæp gegn mannúð, eins og það er skilgreint í alþjóðlegum gerningum sem gerðir eru til þess að setja ákvæði um slíka glæpi,
 - b) að þeir hafi framið alvarlegan ópólítískan glæp utan búsetulands síns áður en þeim er veitt leyfi til að koma til landsins,
 - c) að þeir hafi orðið sekir um athafnir sem stríða gegn tilgangi og meginreglum Sameinuðu þjóðanna.

2. gr.

Almennar skuldbindingar.

Sérhver ríkisfangslaus einstaklingur hefur skyldum að gegna gagnvart því landi sem hann dvelur í en þær eru einkum fölgjar í því að hann hagi sér samkvæmt lögum þess og reglum, og þeim ráðstöfunum sem gerðar eru til þess að halda uppi allsherjarreglu.

3. gr.

Bann við mismunun.

Samningsríkin skulu beita ákvæðum þessa samnings gagnvart ríkisfangslausum einstaklingum án mismununar að því er varðar kynþátt, trú eða upprunaland.

4. gr.

Trúarbrögð.

Samningsríkin skulu veita ríkisfangslausum einstaklingum á landsvæðum sínum meðferð sem er a.m.k. jafngóð þeirri meðferð sem þau veita eigin ríkisborgurum að því er tekur til frelsis til að iðka trú sína og til trúarlegrar uppfræðslu barna sinna.

5. gr.

Réttindi veitt utan þessa samnings.

Ekkert í þessum samningi skal talið skerða nokkur þau réttindi og hagsbætur sem samningsríki veitir ríkisfangslausum einstaklingum utan þessa samnings.

6. gr.

Orðin „við sömu aðstæður“.

Í þessum samningi merkir hugtakið „við sömu aðstæður“ það að ríkisfangslaus einstaklingur verður að uppfylla hverjar þær kröfur (þ.m.t. kröfur um lengd og skilyrði fyrir dvöl eða búsetu) sem tiltekinn einstaklingur yrði að uppfylla til þess að njóta viðkomandi réttar ef hann væri ekki ríkisfangslaus einstaklingur, að undanskildum þeim kröfum sem eru þess eðlis að ríkisfangslausum einstaklingi er ómögulegt að uppfylla þær.

7. gr.

Undanþága frá gagnkvæmni.

1. Samningsríki skal veita ríkisfangslausum einstaklingum sömu meðferð og það veitir útlendingum almennt nema þessi samningur hafi að geyma hagstæðari ákvæði.
2. Að lokinni þriggja ára búsetu skulu allir ríkisfangslausir einstaklingar njóta undanþágu frá gagnkvæmni að lögum á landsvæðum samningsríkjanna.
3. Þegar ekki er um gagnkvæmni að ræða skal sérhvert samningsríki halda áfram að veita ríkisfangslausum einstaklingum þau réttindi og þær hagsbætur sem þeir höfðu þegar rétt til þegar þessi samningur gekk í gildi fyrir það ríki.
4. Þegar ekki er um gagnkvæmni að ræða skulu samningsríkin athuga með velvilja þann möguleika að veita ríkisfangslausum einstaklingum réttindi og hagsbætur umfram það sem þeir eiga rétt til skv. 2. og 3. mgr., og færa undanþáguna frá gagnkvæmni út þannig að hún taki til ríkisfangslausra einstaklinga sem uppfylla ekki þau skilyrði sem kveðið er á um í 2. og 3. mgr. Ákvæði 2. og 3. mgr. taka bæði til réttinda og hagsbóta sem um getur í 13., 18., 19., 21. og 22. gr. þessa samnings og til þeirra réttinda og hagsbóta sem ekki er kveðið á um í þessum samningi.

8. gr.

Undanþága frá sérstökum ráðstöfunum.

Að því er varðar sérstakar ráðstafanir, sem kunna að vera gerðar gagnvart einstaklingi, eignum eða hagsmunum ríkisborgara eða fyrrum ríkisborgara annars ríkis, skulu samningsríkin ekki beita slíkum ráðstöfunum gagnvart ríkisfangslausum einstaklingi af þeirri ástæðu einni að hann hafi áður haft ríkisfang í viðkomandi ríki. Samningsríki sem geta ekki samkvæmt löggjöf sinni beitt þeirri almennu meginreglu sem er sett fram í þessari grein skulu, þegar það á við, veita undanþágur vegna slíkra ríkisfangslausra einstaklinga.

9. gr.

Bráðabirgðarástafanir.

Ekkert í þessum samningi skal vera því til fyrirstöðu að samningsríki geri, á ófriðartímum eða við aðrar óvenjulegar og alvarlegar aðstæður, ráðstafanir til bráðabirgða sem það telur nauðsynlegar vegna þjóðaröryggis í tilviki tiltekins einstaklings, þar til samningsríkið hefur tekið ákvörðun um það hvort sá einstaklingur sé í raun og veru ríkisfangslaus og að nauðsynlegt sé að viðhalda slíkum ráðstöfunum, að því er hann snertir, í þágu þjóðaröryggis.

10. gr.

Samfelld búseta.

1. Ef ríkisfangslaus einstaklingur hefur, meðan á síðari heimsstyrjöldinni stóð, verið færður nauðugur frá heimkynnum sínum og til landsvæðis samningsríkis og er búsettur þar skal slík nauðungardvöl talin lögmæt búseta á því landsvæði.
2. Þegar ríkisfangslaus einstaklingur hefur, meðan á síðari heimsstyrjöldinni stóð, verið færður nauðugur frá landsvæði samningsríkis og hefur, fyrir gildistöku þessa samnings, horfið þangað aftur í þeim tilgangi að hefja þar búsetu skal líta á búsetutímamann fyrir og eftir slíkan nauðungarflutning sem eitt óslitið tímabil að því er tekur til hvers tilviks þar sem óslitinnar búsetu er krafist.

11. gr.

Ríkisfangslausir sjómenn.

Þegar um er að ræða ríkisfangslosa einstaklinga, sem stunda að staðaldri sjómennsku á skipum sem sigla undir fána samningsríkis, skal ríkið taka til velviljaðrar athugunar að þeir setjist að á landsvæði þess og að gefa út ferðaskilríki þeim til handa eða leyfa þeim landvist um stundarsakir, einkum með tilliti til þess að auðvelda þeim að setjast að í öðru landi.

II. KAFLI

Réttarstaða.

12. gr.

Persónuleg réttarstaða.

1. Persónuleg réttarstaða ríkisfangslaus einstaklings skal fara eftir lögum þess lands þar sem hann á lögheimili eða, ef hann á hvergi lögheimili, lögum þess lands þar sem hann er búsettur.
2. Samningsríki skal virða þau réttindi sem ríkisfangslaus einstaklingur hefur áunnið sér áður og byggjast á persónulegri réttarstöðu, einkum og sér í lagi réttindi sem tengd eru hjúskap, með því skilyrði, ef nauðsyn krefur, að fullnægt sé formskilyrðum sem lög þess ríkis krefjast, enda sé um þau réttindi að ræða sem hefðu verið viðurkennd í lögum þess ríkis ef hann hefði ekki orðið ríkisfangslaus.

13. gr.

Lausafé og fasteignir.

Samningsríkin skulu veita ríkisfangslausum einstaklingi eins hagstæða meðferð og unnt er og a.m.k. ekki síðri en veitt er útlendingum almennt við sömu aðstæður að því er varðar öflun lausafjár og fasteigna og önnur réttindi í tengslum við það, svo og leigu og aðra samninga varðandi lausafé og fasteignir.

14. gr.

Réttindi listamanna og hugverkaréttindi á sviði iðnaðar.

Að því er tekur til hugverkaréttinda á sviði iðnaðar, s.s. uppfinninga, hönnunar eða líkana, vörumerkja, vöruheita og réttinda sem tengjast ritverkum, list- og vísindaverkum, skal veita ríkisfangslausum einstaklingi í landi þar sem hann hefur fasta búsetu sömu vernd og veitt er ríkisborgurum þess lands. Á landsvæði sérhvers annars samningsríkis skal hann njóta sömu verndar og veitt er ríkisborgurum á því landsvæði þar sem hann hefur fasta búsetu.

15. gr.

Félagafrelsi.

Samningsríkin skulu veita ríkisfangslausum einstaklingum, sem dvelja löglega á landsvæðum þeirra, bestu mögulegu meðferð og a.m.k. ekki síðri en veitt er útlendingum almennt við sömu aðstæður að því er tekur til félaga sem starfa ekki á stjórnmalalegum grundvelli eða eru ekki rekin í hagnaðarskyni og stéttarfélaga.

16. gr.

Réttur til að leita til dómstóla.

1. Ríkisfangslausum einstaklingi skal frjálst að leita til dómstóla á landsvæðum allra samningsríkjanna.
2. Í samningsríki, þar sem ríkisfangslaus einstaklingur hefur fasta búsetu, skal hann njóta sömu meðferðar og ríkisborgari hvað varðar aðgang að dómstólum, þ.m.t. lögfræðilegrar aðstoðar og undanþágu frá því að setja tryggingu fyrir væntanlegum málskostnaði (*cautio judicatum solvi*).
3. Í öðrum löndum en því þar sem ríkisfangslaus einstaklingur hefur fasta búsetu skal honum veitt sama meðferð og ríkisborgurum þess lands þar sem hann hefur fasta búsetu að því er tekur til þeirra atriða sem um getur í 2. mgr.

III. KAFLI

Arðbær atvinna.

17. gr.

Launuð atvinna.

1. Samningsríkin skulu veita ríkisfangslausum einstaklingum, sem dvelja löglega á landsvæðum þeirra, bestu mögulegu meðferð og a.m.k. ekki síðri en þá sem veitt er útlendingum almennt við sömu aðstæður, að því er varðar réttinn til að stunda launaða atvinnu.
2. Samningsríkin skulu taka til velviljaðrar athugunar að samræma réttindi allra ríkisfangslausra einstaklinga, að því er snertir launaða atvinnu, þeim réttindum sem ríkisborgarar njóta og sér í lagi réttindi þeirra ríkisfangslausu einstaklinga sem hafa komið til landsvæða þeirra samkvæmt áætlunum um ráðningu vinnuafis eða reglum um innflutning fólks.

18. gr.

Sjálfstæð atvinna.

Samningsríkin skulu veita ríkisfangslausum einstaklingum, sem dvelja löglega á landsvæðum þeirra, bestu mögulegu meðferð og a.m.k. ekki síðri en veitt er útlendingum almennt við sömu aðstæður, að því er tekur til réttarins til þess að vinna fyrir eigin reikning að landbúnaði, iðnaði, handiðn og verslun og að stofna félög um verslun og iðnað.

19. gr.

Menntastéttir.

Sérhvert samningsríki skal veita ríkisfangslausum einstaklingum, sem dvelja löglega á landsvæði þess, hafa prófskírteini viðurkennd af þar til bærum stjórnvöldum þess ríkis og vilja stunda störf er menntun þarf til, bestu mögulegu meðferð og a.m.k. ekki síðri en veitt er útlendingum almennt við sömu aðstæður.

IV. KAFLI

Velferðarmál.

20. gr.

Skömmtun.

Þar sem skömmtunarkerfi er til almennrar dreifingar vara, sem skortur er á, og það nær til landsmanna yfirleitt skulu ríkisfangslausir einstaklingar njóta sömu meðferðar og ríkisborgarar.

21. gr.

Húsnæðismál.

Að því er tekur til húsnæðis skulu samningsríkin, að svo miklu leyti sem því máli er skipað með lögum eða reglum eða er háð eftirliti opinberra stjórnvalda, veita ríkisfangslausum einstaklingum, sem dvelja löglega á landsvæðum þeirra, bestu mögulegu meðferð og a.m.k. ekki síðri en veitt er útlendingum almennt við sömu aðstæður.

22. gr.

Almenn menntun.

1. Samningsríkin skulu veita ríkisfangslausum einstaklingum sömu meðferð og veitt er ríkisborgurum að því er tekur til grunnskólanáms.
2. Samningsríkin skulu veita ríkisfangslausum einstaklingum bestu mögulegu meðferð og a.m.k. ekki síðri en veitt er útlendingum almennt við sömu aðstæður að því er varðar menntun aðra en grunnskólanám, einkum að því er varðar aðgang að námi, viðurkenningu vottorða, prófskírteina og gráða frá erlendum skólum, eftirgjöf á skólagjöldum og kostnaði og veitingu námsstyrkja.

23. gr.

Opinber aðstoð.

Samningsríkin skulu veita ríkisfangslausum einstaklingum, sem dvelja löglega á landsvæðum þeirra, sömu meðferð að því er varðar opinbera aðstoð og hjálp og veitt er ríkisborgurum þess.

24. gr.

Vinnulöggjöf og félagslegt öryggi.

1. Samningsríkin skulu veita ríkisfangslausum einstaklingum, sem dvelja löglega á landsvæðum þeirra, sömu meðferð og veitt er ríkisborgurum að því er tekur til eftirtalinna atriða:
 - a) launa, þar með taldar fjölskyldugreiðslur þar sem þær eru hluti af launum, vinnutíma, yfirvinnu, orlofs með launum, takmarkana á heimavinnu, lágmarksaldurs við vinnu, iðnnáms og þjálfunar, vinnu kvenna og unglinga og ávinnings af sameiginlegum samningum, að svo miklu leyti sem þessum málum er ráðið með lögum eða reglum eða eru háð eftirliti stjórnvalda,
 - b) félagslegs öryggis (lagaákvæði sem varða vinnuslys, atvinnusjúkdóma, meðgöngu og barnsburð, sjúkdóma, örorku, elli, andlát, atvinnuleysi, fjölskylduábyrgðir og hver þau tilvik önnur sem félagsleg tryggingakerfi taka til samkvæmt innlendum lögum eða reglum) með eftirtöldum takmörkunum:
 - i. um getur verið að ræða viðeigandi ráðstafanir til viðhalds áunnum réttindum og réttindum sem verið er að ávinna sér,
 - ii. innlend lög eða reglur búsetulandsins geta kveðið á um sérstakar ráðstafanir varðandi bætur eða hluta af bótum, sem greiða ber algerlega af almannafé, svo og varðandi greiðslur til manna, sem ekki uppfylla iðgjaldaskilyrði sem sett eru fyrir veitingu venjulegs lífeyris.
2. Rétturinn til bóta vegna dauðsfalls ríkisfangslaus einstaklings, sem rekja má til vinnuslyss eða atvinnusjúkdóms, skal ekki skertur vegna þess að bótaþeginn er búsettur utan landsvæðis samningsríkisins.
3. Samningsríkin skulu láta ríkisfangslosa einstaklinga njóta góðs af samningum, sem þau hafa gert með sér eða kunna síðar að gera með sér, varðandi viðhald áunninna réttinda og réttinda, sem verið er að ávinna sér, í sambandi við félagslegt öryggi, með þeim skilyrðum einum sem gilda fyrir ríkisborgara þeirra ríkja sem undirritað hafa viðkomandi samninga.
4. Samningsríkin munu taka til velviljaðrar athugunar að láta ríkisfangslosa einstaklinga njóta, eftir því sem mögulegt er, góðs af hliðstæðum samningum sem á hverjum tíma kunna að vera í gildi milli slíkra samningsríkja og ríkja sem ekki eru aðilar að samningum.

V. KAFLI

Ráðstafanir stjórnvalds.

25. gr.

Stjórnsýsluaðstoð.

1. Þegar þannig er ástatt að ríkisfangslaus einstaklingur þarfnast að jafnaði aðstoðar erlendra stjórnvalda til að neyta réttar síns en nær ekki til þeirra skal samningsríkið þar sem hann er búsettur sjá um að stjórnvöld þess veiti honum slíka aðstoð.
2. Stjórnvald það eða stjórnvöld, sem um getur í 1. mgr., skulu afhenda eða undir sínu eftirliti láta afhenda ríkisfangslausum einstaklingum þau skjöl eða vottorð sem stjórnvöld heimaríkja þeirra veita venjulega útlendingum eða sem veitt eru fyrir atbeina þeirra.

3. Skjöl eða vottorð, sem þannig eru látin í té, skulu koma í stað opinberra skilríkja, sem látin eru útlendingum í té af stjórnvöldum heimaríkja þeirra, eða fyrir atbeina þeirra, og skulu þau talin gild þar til annað reynist sannara.
4. Með fyrirvara um þá sérstöku meðferð sem kann að verða veitt fátæku fólki má krefjast gjalds fyrir þá þjónustu, sem um getur hér, en slíkum gjöldum skal stillt í hóf og þau skulu vera sambærileg gjöldum sem krafist er af ríkisborgurum fyrir sams konar þjónustu.
5. Ákvæði þessarar greinar skulu vera með fyrirvara um 27. og 28. gr.

26. gr.

Ferðafrelsi.

Sérhvert samningsríki skal veita ríkisfangslausum einstaklingum, sem dvelja löglega á landsvæði þess, rétt til að kjósa sér búsetustað og vera frjálssir ferða sinna um landsvæði þess, með fyrirvara um hverjar þær reglur sem eiga almennt við um útlendinga við sömu aðstæður.

27. gr.

Persónuskilríki.

Samningsríkin skulu gefa út persónuskilríki til handa ríkisfangslausum einstaklingum sem dvelja á landsvæðum þeirra og hafa ekki gild ferðaskilríki.

28. gr.

Ferðaskilríki.

Samningsríkin skulu láta ríkisfangslausum einstaklingum, sem dvelja löglega á landsvæðum þeirra, í té ferðaskilríki til ferða utan landsvæða þeirra, nema ríkar ástæður vegna þjóðaröryggis eða allsherjarreglu séu því til fyrirstöðu, og skulu ákvæði fylgiskjals þessa samnings gilda um slík skilríki. Samningsríkin geta látið öðrum ríkisfangslausum einstaklingum á landsvæðum þeirra slík ferðaskilríki í té; sérstaklega skulu þau taka til velviljaðrar athugunar að láta slík ferðaskilríki í té ríkisfangslausum einstaklingum sem dvelja á landsvæðum þeirra og geta ekki fengið ferðaskilríki frá því landi þar sem þeir hafa löglega búsetu.

29. gr.

Fjárhagslegar álögur.

1. Samningsríkin skulu ekki leggja á ríkisfangslausu einstaklinga skyldur, álögur eða skatta, hverju nafni sem þeir nefnast, aðra eða hærrí en lagt er á ríkisborgara þeirra við svipaðar aðstæður.
2. Ekkert í undanfarandi málsgrein skal koma í veg fyrir að beitt sé gagnvart ríkisfangslausum einstaklingum lögum og reglum um gjöld fyrir útgáfu á opinberum skjölum, þar á meðal persónuskilríkjum, til handa útlendingum.

30. gr.

Flutningur eigna.

1. Samningsríki skal í samræmi við lög sín og reglur leyfa ríkisfangslausum einstaklingum að flytja eignir, sem þeir hafa komið með inn á landsvæði þess, til annars lands þar sem þeim hefur verið veitt leyfi til að setjast að.
2. Samningsríki skal taka til velviljaðrar athugunar umsóknir ríkisfangslausra einstaklinga um leyfi til þess að flytja eignir, sem eru þeim nauðsynlegar, er þeir setjast að í öðru ríki sem hefur leyft þeim landvist, hvar sem þær eignir kunna að vera.

31. gr.

Brottvísun.

1. Samningsríkin skulu ekki víkja úr landi ríkisfangslausum einstaklingum sem dvelja löglega á landsvæðum þeirra nema vegna þjóðaröryggis eða allsherjarreglu.
2. Brottvísun slíks ríkisfangslausu einstaklings skal einungis framkvæmd í kjölfar réttlátrar málsmeðferðar að lögum. Þar sem knýjandi ástæður vegna þjóðaröryggis eru því ekki til fyrirstöðu skal ríkisfangslausu einstaklingnum leyft að leggja fram sannanir fyrir sakleysi sínu og áfrýja og

njóta fyrirsvars í því skyni fyrir lögbæru stjórnvaldi eða aðila, einum eða fleiri, sem sérstaklega eru tilnefndir af þar til bæru stjórnvaldi.

3. Samningsríkin skulu gefa slíkum ríkisfangslausum einstaklingi hæfilegan frest til þess að leita löglegrar landvistar í öðru landi. Samningsríkin áskilja sér rétt til þess að beita þeim ráðstöfunum innanlands sem þau telja nauðsynlegar meðan þessi frestur er að líða.

32. gr.

Veiting ríkisborgararéttar.

Samningsríkin skulu, eftir því sem mögulegt er, greiða fyrir því að ríkisfangslausir einstaklingar samlagist aðstæðum í landinu og öðlist þar ríkisborgararétt. Einkum skulu þau gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að flýta fyrir veitingu ríkisborgararéttar og lækka svo sem frekast er unnt öll gjöld og kostnað sem því eru samfara.

VI. KAFLI

Lokaákvæði.

33. gr.

Upplýsingar um landslög.

Samningsríkin skulu senda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna þau lög og reglur sem þau kunna að setja til þess að tryggja beitingu þessa samnings.

34. gr.

Lausn deilumála.

Sérhverri deilu milli aðila þessa samnings varðandi túlkun eða beitingu hans, sem ekki er hægt að leysa á annan hátt, skal vísa til Alþjóðadómstólsins að beiðni hvaða deiluaðila sem er.

35. gr.

Undirritun, fullgilding og aðild.

1. Samningur þessi skal vera opinn til undirritunar í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna til 31. desember 1955.
2. Hann skal liggja frammi til undirritunar af hálfu:
 - a) aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna,
 - b) annars ríkis sem fær boð á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um réttarstöðu ríkisfangslausra einstaklinga og
 - c) sérhvers þess ríkis sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna kann að bjóða að undirrita eða gerast aðili að samningnum.
3. Fullgilda skal samning þennan og afhenda fullgildingarskjölin aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.
4. Þau ríki sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar geta gerst aðilar að þessum samningi. Aðild skal koma til framkvæmda um leið og aðildarskjál er afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

36. gr.

Ákvæði um svæðisbundið gildissvið.

1. Þegar ríki undirritar samning þennan, fullgildir hann eða gerist aðili að honum getur það lýst því yfir að hann skuli taka til allra eða einhverra þeirra landsvæða sem það fer með alþjóðasamskipti fyrir. Slík yfirlýsing skal taka gildi við gildistöku samningsins gagnvart viðkomandi ríki.
2. Hvenær sem er síðar skal hver slík útvíkkun gildissviðs gerð með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og gilda frá níutugasta degi eftir að aðalframkvæmdastjórinn tekur við henni eða frá gildistökudegi samningsins fyrir hlutaðeigandi ríki, hvort sem síðar verður.
3. Að því er þau landsvæði varðar sem samningur þessi er ekki látinn taka til við undirskrift, fullgildinguna eða aðild skal sérhvert hlutaðeigandi ríki athuga möguleikana á því að gera nauðsynlegar

ráðstafanir til þess að láta samning þennan taka til slíkra landsvæða með fyrirvara um samþykki ríkisstjórna slíkra landsvæða þar sem það er nauðsynlegt af stjórnskipulegum ástæðum.

37. gr.

Ákvæði um sambandsríki.

Þegar um sambandsríki er að ræða skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

- a) Að því er tekur til þeirra greina þessa samnings, sem falla undir lögsögu löggjafarvalds sambandsríkisins, skulu skyldur ríkisstjórnar sambandsríkisins að þessu marki vera hinar sömu og þeirra samningsríkja sem ekki eru sambandsríki.
- b) Að því er tekur til þeirra greina þessa samnings, sem falla undir lögsögu einstakra ríkja í sambandsríkinu, fylkja eða kantóna, sem samkvæmt stjórnskipan sambandsríkisins geta ekki sett lög, skal sambandsríkisstjórnin vekja, svo fljótt sem mögulegt er, athygli viðeigandi stjórnvalda ríkja, fylkja eða kantóna á slíkum greinum og senda þeim meðmæli sín með þeim.
- c) Sambandsríki, sem er aðili að þessum samningi, skal, að beiðni annars samningsríkis, sem sett er fram fyrir milligöngu aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, láta í té yfirlýsingu um lög og venjur sambandsríkisins og hinna einstöku hluta þess varðandi hvert einstakt ákvæði samningsins þar sem sýnt er í hve ríkum mæli því ákvæði er veitt gildi með löggjöf eða öðrum hætti.

38. gr.

Fyrirvarar.

1. Sérhvert ríki getur við undirritun, fullgildingu eða aðild gert fyrirvara við greinar samningsins aðrar en 1., 3., 4., 16. (1. mgr.) og 33.–42. gr., að báðum meðtöldum.
2. Sérhvert ríki, sem gert hefur fyrirvara í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar, getur hvenær sem er afturkallað slíkan fyrirvara með orðsendingu þar um til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

39. gr.

Gildistaka.

1. Samningur þessi skal öðlast gildi á nítugasta degi eftir að sjötta fullgildingar- eða aðildarskjalið hefur verið afhent til vörslu.
2. Að því er tekur til sérhvers ríkis, sem fullgildir samninginn eða gerist aðili að honum eftir að sjötta fullgildingar- eða aðildarskjalið hefur verið afhent til vörslu, skal samningurinn öðlast gildi á nítugasta degi frá þeim degi að telja er slíkt ríki afhendir fullgildingar- eða aðildarskjál sitt til vörslu.

40. gr.

Uppsögn.

1. Sérhvert samningsríki getur sagt samningi þessum upp hvenær sem er með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.
2. Slík uppsögn skal taka gildi gagnvart hlutaðeigandi samningsríki einu ári frá þeim degi að telja er aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna tekur við henni.
3. Sérhvert það ríki, sem gefið hefur yfirlýsingu eða tilkynningu skv. 36. gr., getur hvenær sem er síðar, með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, lýst því yfir að samningurinn skuli ekki lengur taka til slíks landsvæðis þegar eitt ár er liðið frá þeim degi að telja er aðalframkvæmdastjórinn tók við slíkri tilkynningu.

41. gr.

Endurskoðun.

1. Sérhvert samningsríki getur óskað endurskoðunar á þessum samningi hvenær sem er með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.
2. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna skal mæla með þeim ráðstöfunum, ef einhverjar eru, sem gera ber eftir slíkri beiðni.

42. gr.

Tilkynningar aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna öllum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna og öðrum ríkjum sem um getur í 35. gr. um:

- a) undirskriftir, fullgildingu og aðild í samræmi við 35. gr.,
- b) yfirlýsingar og tilkynningar í samræmi við 36. gr.,
- c) fyrirvara og afturkallanir í samræmi við 38. gr.,
- d) gildistöku þessa samnings í samræmi við 39. gr.,
- e) uppsagnir og tilkynningar í samræmi við 40. gr.,
- f) beiðnir um endurskoðun í samræmi við 41. gr.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þessa hafa fullt umboð, undirritað samning þennan hver fyrir hönd sinnar ríkisstjórnar.

Gjört í New York 28. september 1954 í einu eintaki og skal það afhent skjalasafni Sameinuðu þjóðanna til vörslu en textar þess á ensku, frönsku og spænsku eru jafngildir og skal aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna senda öllum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna og öðrum ríkjum sem um getur í 35. gr. staðfest endurrit.

Fvlgiskjal.

1. gr.

1. Þau ferðaskilríki, sem um getur í 28. gr. þessa samnings, skulu sýna að handhafi þeirra sé ríkisfangslaus einstaklingur samkvæmt skilmálum samningsins frá 28. september 1954.
2. Skilríkin skulu gefin út á a.m.k. tveimur tungumálum og skal annað þeirra vera enska eða franska.
3. Samningsríkin munu íhuga hvort æskilegt er að taka upp þá fyrirmynd að ferðaskilríkjum sem fylgir hér með.

2. gr.

Með fyrirvara um reglur útgáfulandsins má telja börn með í ferðaskilríkjum foreldris eða, í undantekningartilvikum, í ferðaskilríkjum annars fullorðins einstaklings.

3. gr.

Þau gjöld, sem tekin eru fyrir útgáfu skilríkjanna, skulu ekki vera hærri en lágsta gjald fyrir vegabréf ríkisborgara.

4. gr.

Skilríkin skulu látin gilda fyrir eins mörg lönd og mögulegt er nema í sérstökum tilvikum eða undantekningartilvikum.

5. gr.

Skilríkin skulu gilda að lágmarki í þrjá mánuði og ekki lengur en í tvö ár.

6. gr.

1. Endurnýjun eða framlenging á gildistíma skilríkja heyrir undir stjórnvaldið, sem gaf þau út, enda hafi handhafinn ekki haft löglega búsetu á öðru landsvæði og dvelur löglega á landsvæði nefnds stjórnvalds. Útgáfa nýrra skilríkja er heyrir með sömu skilyrðum undir stjórnvaldið sem gaf fyrri skilríkin út.
2. Veita má sendiherrum og ræðismönnum umboð til þess að framlengja gildistíma ferðaskilríkja, sem ríkisstjórnir þeirra hafa gefið út, um allt að sex mánuði.
3. Samningsríkin skulu taka á velviljaðrar athugunar að endurnýja eða framlengja gildistíma ferðaskilríkja eða að gefa út ný skilríki til handa ríkisfangslausum einstaklingum sem ekki hafa lengur löglega búsetu á landsvæðum þeirra og geta ekki fengið ferðaskilríki frá því landi þar sem þeir hafa löglega búsetu.

7. gr.

Samningsríkin skulu viðurkenna gildi skilríkja sem gefin eru út í samræmi við ákvæði 28. gr. þessa samnings.

8. gr.

Þar til bær stjórnvöld í því landi, sem ríkisfangslausí einstaklingurinn óskar eftir að fara til, skulu árita skilríki hans ef þau eru reiðubúin til að taka við honum og krafist er vegabréfsáritunar.

9. gr.

1. Samningsríkin skulu taka að sér að gefa út vegabréfsáritun til handa ríkisfangslausum einstaklingum til ferðar yfir landsvæði þeirra ef þeir hafa fengið vegabréfsáritun til ákvörðunarlandsins.
2. Synja má um útgáfu slíkra vegabréfsáritana af þeim ástæðum sem myndu réttlæta synjun um vegabréfsáritun fyrir hvaða útlending sem væri.

10. gr.

Gjöld fyrir útgáfu vegabréfsáritana, er heimila för úr landi, komu til lands eða för yfir land, skulu ekki vera hærri en lægstu gjöld fyrir áritanir á erlend vegabréf.

11. gr.

Þegar ríkisfangslaus einstaklingur hefur löglega búsetu á landsvæði annars samningsríkis skal útgáfa nýrra skilríkja samkvæmt skilmálum og skilyrðum 28. gr. hvíla á þar til bæru stjórnvaldi á því landsvæði og skal ríkisfangslaus einstaklingur hafa rétt til að snúa sér til þess.

12. gr.

Stjórnvald, sem gefur út ný skilríki, skal afturkalla eldri skilríki og endursenda þau til útgáfulandsins ef það er tekið fram í skilríkjunum að þau skuli þannig endursend, að öðrum kosti skal það afturkalla skilríkin og ógilda þau.

13. gr.

1. Ferðaskilríki, sem eru gefin út í samræmi við 28. gr. þessa samnings, veita handhafa rétt, nema í því komi fram yfirlýsing um annað, til að koma aftur inn á landsvæði útgáfuríkisins hvenær sem er á meðan þau eru í gildi. Það endurkomutímabil sem handhafa er heimilað má, hvað sem öðru líður, ekki vera styttra en þrjú mánuðir nema þegar landið sem ríkisfangslausí einstaklingurinn hyggst ferðast til krefst ekki ferðaskilríkja samkvæmt réttinum til endurkomu.
2. Með fyrirvara um ákvæði undanfarandi undirgreinar getur samningsríki krafist þess að handhafi skilríkjanna fullnægi þeim formsskilyrðum sem kann að vera mælt fyrir um að því er varðar brottför af landsvæði þess eða endurkomu þangað.

14. gr.

Með fyrirvara einungis um skilmála 13. gr. hafa ákvæði þessa fylgiskjals á engan hátt áhrif á lög og reglur um skilyrði fyrir komu til landsvæða samningsríkjanna, ferðum yfir þau, að taka þar upp búsetu og að koma sér fyrir á þeim, svo og brottför frá þeim.

15. gr.

Hvorki útgáfa skilríkjanna né færslur í þeim ákvarða eða hafa áhrif á stöðu handhafa þeirra, sér í lagi að því er varðar ríkisfang.

16. gr.

Útgáfa skilríkjanna veitir handhafa þeirra á engan hátt vernd sendiherra eða ræðismanns útgáfulandsins og veitir ekki þessum aðilum rétt til að láta í té slíkan rétt til verndar.

VIÐAUKI
Fyrirmynd að ferðaskilríkjum.

Mælt er með því að skilríkin séu á bæklingi formi (u.þ.b. 15 x 10 sentimetrar) og þannig prentað að auðvelt sé að greina útstrikanir og breytingar sem gerðar eru með efnum eða á annan hátt og að orðin „Samningur frá 28. september 1954“ séu prentuð í samfelldri endurtekningu á sérhverri síðu á tungumáli útgáfulandsins.

(Kápa bæklingins.)

FERÐASKILRÍKI
(Samningur frá 28. september 1954.)

Nr.

(1)

FERÐASKILRÍKI
(Samningur frá 28. september 1954.)

Skilríkin renna úr gildi

nema gildistími þeirra sé framlengdur eða endurnýjaður.

Nafn:

Eiginnafn/-nöfn:

Í fylgd er (eru) barn (börn)

1. Þessi skilríki eru gefin út í þeim tilgangi einum að láta handhafa í té ferðaskilríki sem geta komið í stað vegabréfs. Þau skerða ekki og hafa engin áhrif á ríkisborgararétt handhafa þeirra.
2. Handhafa er heimilt að koma aftur til
[hér skal nefna land þess stjórnvalds sem gefur skilríkin út] hinn
eða fyrr nema síðari dagsetning sé tilgreind hér á eftir. [Tímabil til endurkomu handhafa má ekki vera skemmra en þrjú mánuðir nema landið, sem handhafi hyggst ferðast til, krefjist ekki ferðaskilríkja samkvæmt réttinum til endurkomu.]
3. Ef handhafi tekur upp búsetu í öðru landi en því sem gefur núverandi ferðaskilríki út verður hann, óski hann eftir því að ferðast á ný, að sækja um ný skilríki til þar til bærri stjórnvalda í búsetulandi sínu. [Þau stjórnvöld sem gefa út nýju skilríkin skulu afturkalla eldri ferðaskilríki og endursenda þau til þess stjórnvalds sem gaf þau út.]¹

(Þessi skilríki eru 32 blaðsíður, utan kápunnar.)

¹ Stjórnvöld bæta við málsliðnum í sviganum ef þau kjósa svo.

(2)

Fæðingarstaður og fæðingardagur

Staða

Núverandi heimili

*Kenn nafn konu fyrir giftingu og eiginnafn(-nöfn) hennar

*Kenn nafn og eiginnafn(-nöfn) eiginmanns

Lýsing

Hæð

Háralitur

Augnlitur

Nef

Andlitsfall

Litarháttur

Sérkenni

Börn í fylgd handhafa

Nafn	Eiginnafn(-nöfn)	Fæðingarstaður og fæðingardagur	Kyn
.....
.....
.....

*Strikið út það sem á ekki við.

(Þessi skilríki eru 32 blaðsíður utan káunnar.)

(3)

Ljósmynd af handhafa og stimpill þess stjórnvalds sem gefur skilríkin út.

Fingraför handhafa (sé þeirra krafist)

Undirskrift handhafa

(Þessi skilríki eru 32 blaðsíður utan káunnar.)

(4)

1. Þessi skilríki gilda fyrir eftirtalin lönd:

.....

2. Skjal það eða skjöl sem þessi skilríki byggjast á:

.....

Útgefið í

Dagsetning

Undirskrift og stimpill stjórnvalds sem gefur skilríkin út:

Gjald greitt:
(Þessi skilríki eru 32 blaðsíður utan káunnar.)

(5)

Framlenging eða endurnýjun

Gjald greitt: Frá Til
Gjört í Dagsetning

Undirritun og stimpill stjórnvalds sem framlengir eða endurnýjar skilríkin:

Framlenging eða endurnýjun

Gjald greitt: Frá Til
Gjört í Dagsetning

Undirritun og stimpill stjórnvalds sem framlengir eða endurnýjar skilríkin:

(Þessi skilríki eru 32 blaðsíður utan káunnar.)

(6)

Framlenging eða endurnýjun

Gjald greitt: Frá Til
Gjört í Dagsetning

Undirritun og stimpill stjórnvalds sem framlengir eða endurnýjar skilríkin:

Framlenging eða endurnýjun

Gjald greitt: Frá Til
Gjört í Dagsetning

Undirritun og stimpill stjórnvalds sem framlengir eða endurnýjar skilríkin:

(Þessi skilríki eru 32 blaðsíður utan káunnar.)

(7-32)

Vegabréfsáritanir.

Nafn handhafa skilríkjanna verður að endurtaka í hverri vegabréfsáritun.

(Þessi skilríki eru 32 blaðsíður utan káunnar.)

CONVENTION RELATING TO THE STATUS OF STATELESS PERSONS

Preamble

The High Contracting Parties,

Considering that the Charter of the United Nations and the Universal Declaration of Human Rights approved on 10 December 1948 by the General Assembly of the United Nations have affirmed the principle that human beings shall enjoy fundamental rights and freedoms without discrimination,

Considering that the United Nations has, on various occasions, manifested its profound concern for stateless persons and endeavoured to assure stateless persons the widest possible exercise of these fundamental rights and freedoms,

Considering that only those stateless persons who are also refugees are covered by the Convention relating to the Status of Refugees of 28 July 1951, and that there are many stateless persons who are not covered by that Convention,

Considering that it is desirable to regulate and improve the status of stateless persons by an international agreement,

Have agreed as follows:

Chapter I

GENERAL PROVISIONS

Article 1

Definition of the term "Stateless person"

1. For the purpose of this Convention, the term "stateless person" means a person who is not considered as a national by any State under the operation of its law.
2. This Convention shall not apply:
 - i. To persons who are at present receiving from organs or agencies of the United Nations other than the United Nations High Commissioner for Refugees protection or assistance so long as they are receiving such protection or assistance;
 - ii. To persons who are recognized by the competent authorities of the country in which they have taken residence as having the rights and obligations which are attached to the possession of the nationality of that country;
 - iii. To persons with respect to whom there are serious reasons for considering that:
 - a) They have committed a crime against peace, a war crime, or a crime against humanity, as defined in the international instruments drawn up to make provisions in respect of such crimes;
 - b) They have committed a serious non-political crime outside the country of their residence prior to their admission to that country;
 - c) They have been guilty of acts contrary to the purposes and principles of the United Nations.

Article 2

General obligations

Every stateless person has duties to the country in which he finds himself, which require in particular that he conform to its laws and regulations as well as to measures taken for the maintenance of public order.

Article 3

Non-discrimination

The Contracting States shall apply the provisions of this Convention to stateless persons without discrimination as to race, religion or country of origin.

Article 4

Religion

